



Samtök iðnaðarins



Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Samband íslenskra sveitarfélaga

GERT

Skýrsla verkefnisstjóra GERT 2015 – 2016

**Verkefnisstjóri:
Halla Kristín Guðfinnsdóttir**



Skýrsla verkefnisstjóra 2015 – 2016

Efnisyfirlit

Lýsing á GERT	3
Fyrstu skrefin	3
GERT skólar	4
GERT fyrirtæki	4
Vefsvæði GERT	4
Vorfundur GERT	5
Samantekt á starfi GERT skóla	5
Ávinningur þáttökuskóla í GERT	6
Áskoranir þáttökuskóla í GERT	6
Framtíð verkefnisins og lokaorð	7
Viðauki I – Greinargerðir á skólastarfi í tengslum við GERT	8



Skýrsla verkefnisstjóra 2015 – 2016

Verkefnisstjóri tók við verkefninu af Þorvarði Kjerulf Sigurjónssyni sem hafði verið verkefnisstjóri á öðru starfsári verkefnisins. Þessari skýrslu er ætlað að varpa ljósi á starf verkefnisstjóra skólaárið 2015 – 2016.

Lýsing á GERT

GERT – Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á lausnir fyrir nemendur og kennara í grunnskólum sem geta leitt af sér aukna þekkingu og ekki síður áhuga á raunvísindum og tækni og þannig uppfyllt betur framtíðarþörf vinnumarkaðar.

Stýrihópur:

- Ásta Magnúsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Karl Björnsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Almar Guðmundsson, Samtökum iðnaðarins

Verkefnisstjórn:

- Björg Pétursdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Þórður Kristjánsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Katrín D. Þorsteinsdóttir, Samtökum iðnaðarins

Verkefnisstjóri: Halla Kristín Guðfinnsdóttir

Fyrstu skrefin

Skólaárið 2014 – 2015 voru þátttökuskólarnir 4 og lagði þáverandi verkefnisstjóri áherslu á að móta grunnramma verkefnisins í samráði við skólana. Til stóð að halda vörfund í lok skólaársins þar sem skólunum gæfist tækifæri á að koma saman og deila reynslu af verkefninu en því miður tókst ekki að finna dagsetningu sem hentaði öllum og varð því ekkert úr þeim fundi. Þess í stað heimsótti verkefnisstjóri skólana fjóra, veitti þeim þá viðurkenningu sem þeir áttu að fá á fundinum, fékk upplýsingar um hvernig gengi að aðlaga verkefnið að skólastarfinu þeirra og aðstoðaði við að skipuleggja skólaárið sem var að hefjast.

Fyrir skólaárið 2015 – 2016 þótti verkefnastjórninni mikilvægt að fjölga þátttökuskólum og einnig að efla samstarf við fyrirtæki og bæta aðgengi að upplýsingum tengiliða. Fyrstu vikurnar fóru því í að senda boð um þátttöku á alla grunnskóla landsins og hafa samband við fyrirtæki af ýmsum toga í þeim tilgangi að fá þau í samstarf við verkefnið. Afrakstur þeirrar vinnu var að 9 skólar sýndu áhuga á að taka þátt í verkefninu og 16 fyrirtæki voru tilbúin í samstarf. Næstu

skref verkefnisstjóra voru að heimsækja nýju þátttökuskólana, kynna fyrir þeim hvað fælist í verkefninu og aðstoða þá með að aðlaga verkefnið að þeirra skólastarfi.

GERT skólar

Eins og fram hefur komið voru skólarnir 4 á öðru starfsári verkefnisins, Garðaskóli, Grunnskóli Húnaþings Vestra, Grunnskólinn á Ísafirði og Norðlingaskóli. Grunnskólinn á Ísafirði sagði sig síðar úr verkefninu en þeim fannst þau ekki fá nógu mikla viðbót við það sem þau voru nú þegar að gera sökum fjarlægðar frá höfuðborginni.

Á þessu starfsári komu 9 nýjir skólar inn í verkefnið:

- Álftanesskóli
- Breiðholtsskóli
- Holtaskóli
- Hólabrekkuskóli
- Langholtsskóli
- Laugalækjarskóli
- Varmárskóli
- Víðistaðaskóli
- Ölduselsskóli

Nýju skólarnir fóru rólega af stað en nýttu sér flestir samstarfsfyrirtækin og að fá heimsókn frá Team Spark, teymi verkfræðinema við HÍ. Í sumum skólunum var einnig ýmislegt starf í gangi fyrir sem féll undir GERT verkefnið og gátu þeir nýtt tengiliði verkefnisins til að efla það starf enn frekar.

GERT fyrirtæki

Þegar verkefnisstjóri tók við var ekkert fast samstarf við fyrirtæki og var mikið svigrúm til umbóta. Markmið verkefnisstjóra var að fá fjölbreytt fyrirtæki í samstarf og hafa gott aðgengi að þeim með því að hýsa upplýsingar um tengiliði þeirra inni á vefsíðu verkefnisins <http://gert.menntamidja.is/fyrirtaeki/>. Mikil vinna fór af stað sem uppskar 16 fyrirtæki sem höfðu áhuga á samstarfi, fyrirtækin eru eftirfarandi:

- CCP
- ÍAV hf.
- Kompás Þekkingarsamfélagið
- Marel
- Matís
- Míla
- Nox medical
- Nýherji
- Prent smiðjan Oddi
- Rafal ehf
- Sagafilm
- Samskip
- Stjörnu-Oddi ehf
- Vélvík ehf
- Ölgerðin Egill Skallagrímsson
- Össur hf

Vefsvæði GERT

Vefurinn <http://gert.menntamidja.is/> er fyrst og fremst hugsaður sem upplýsingasíða og verkfærakista fyrir skólana. Mikil endurskoðun hafði farið fram á viðmóti síðunnar en enn er mikið svigrúm fyrir umbætur svo að síðan gagnist sem verkfærakista fyrir skólana. Fréttir af hinum ýmsum keppnum og viðburðum sem tengjast raunvísindum og tækni á einn eða annan hátt hafa verið sett inn á síðuna ásamt því að upplýsingar um tengiliði samstarfsfyrirtækja og kynningarteyma eru hýst á síðunni. Markmið verkefnisstjóra fyrir komandi skólaár er að koma

upp verkfærakistu með vinnugögnum og sniðmótum að ýmsum verkefnum og lausnum sem geta leitt af sér aukna þekkingu og áhuga á raunvísindum, tækni og tengdum störfum.

Vorfundur GERT

Vorfundurinn var hugsaður sem uppskeruhóf þar sem fulltrúum allra þátttökuskóla gæfist tækifæri á að koma saman, greina frá sinni upplifun af verkefninu og fara yfir skólaárið sem var að líða með tilliti til þess sem vel hafði gengið og þess sem betur mætti fara.

Vorfundurinn var haldinn 7. Apríl 2016 í húsnæði Sambands Íslenskra sveitarfélaga kl. 09:00-12:00. Á fundinum greindu fulltrúar skólanna frá því hvernig þeir höfðu aðlagð verkefnið að sínu skólastarfi, áhugaverðum verkefnum og þeirri þróun sem átt hafði sér stað í skólunum. Sem dæmi er boðið upp á GERT valfag, GERT lokaverkefni eða sambættari nálgun bæði milli faga og þvert á árganga t.d. með starfameissum í skólunum þar sem störf foreldra eru í brennidepli.

Skólarnir lögðu ríka áherslu á hversu jákvætt viðmót fyrirtækjanna er og þakka það GERT "stimlinum". Helstu áskoranir skólanna eru kostnaður við heimsóknir og að búa til aukinn sveigjanleika í stundarskrám.

Í lok fundarins var framtíð verkefnisins rædd og veittar viðurkenningar fyrir þátttöku í verkefninu. Viðurkenningar hlutu: Álfstanesskóli, Garðaskóli, Grunnskóli Húnaþings Vestra, Holtaskóli, Hólabrekkuskóli, Laugalækjarskóli, Norðlingaskóli og Ölduselsskóli. En á árinu áður hlutu Garðaskóli, Grunnskóli Húnaþings Vestra, Norðlingaskóli og Grunnskólinn á Ísafirði GERT viðurkenningar og voru þær þá veittar í fyrsta sinn.

Samantekt á starfi GERT skóla

Starf skólanna í tengslum við GERT hefur verið mis umfangsmikið á milli skóla en allt með því sama markmiði að efla áhuga nemenda á raunvísindum, tækni, verknámi og tengdum störfum. Þar ber helst að nefna öflugt samstarf við atvinnulífið þar sem samstarfsfyrirtæki GERT hafa tekið á móti nemendum bæði stórum og smáum hópum. Í fyrirtækjaheimsóknum fræðast nemendur um starfsemi fyrirtækjanna ásamt námsbakgrunni starfsmanna og fá þannig mynd af því hvað þarf að læra til að starfa hjá slíku fyrirtæki og hvað það eru fjölbreyttar leiðir að því. Samstarf við fyrirtækin er þó ekki eingöngu bundið við heimsóknir. Fyrirtækin hafa einnig verið með kynningar í skólunum og litlir hópar nemenda hafa fengið að heimsækja fyrirtækin í þeim tilgangi að taka viðtöl við starfsfólk um námsbakgrunn þeirra og hvernig þau enduðu í því starfi sem þau eru og unnið úr því verkefni í skólanum. Á landsbyggðinni hefur samstarf við fyrirtæki svo verið í formi starfsnáms þar sem nemendur hafa fengið að vinna hjá fyrirtækjum og/eða bændum í nágrenninu í upphafi og lok skólaársins sem leiðir oft til sumarvinnu í kjölfarið.

Ásamt heimsóknum í fyrirtæki hafa nemendur einnig heimsótt Tækniskólann, Keili, Lista-háskólann og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri ásamt fleiri menntastofnunum sem hafa kveikt áhuga margra nemenda á störfum og námsbrautum sem þau þekktu ekki áður.

Skólarnir hafa einnig fengið kynningar frá Team spark, hópi verkfræðinema við HÍ, sem vinna að því að smíða rafmagnskappakstursbíl og keppa með hann í alþjóðlegri keppni í Bretlandi. Þessar kynningar hafa reynst mjög vel og nemendur sýnt þeim mikinn áhuga. En í kynningunum fá

nemendur góða mynd af því hvernig raungreinar eins og stærðfræði, eðlisfræði og fleiri greinar eru nýttar við svo skemmtilega og gagnlega hönnun.

Svokallaðar starfamestar hafa verið haldnar með mismunandi hætti. Dæmi um starfamestar er kynning þar sem nemendur geta gengið á milli starfsstöðva og kynnt sér nám og störf forráðamanna en aðilar frá samstarfsfyrirtækjum GERT hafa einnig verið nýttir í starfamestarum til að auka fjölbreytileika starfa.

Annað starf í tengslum við GERT sem sumir skólanna hafa boðið upp á er t.d. forritunarkennsla, valáfangar ýmist í tengslum við tækni, tölvur eða starfsfræðslu, sýningar á myndböndum nemahvad.is þar sem náms- og starfsráðgjafi kynnir ólíkar starfsgreinar og námsleiðir í verk-, tækni- og iðngreinum út frá myndböndunum. Einnig var farið á sýninguna Verk- og vit í Laugardalshöllinni.

Frekari greinargerð á starfi skólanna í tengslum við GERT er að finna í Viðauka I.

Ávinningur þátttökuskóla í GERT

Helsti ávinningur GERT skóla er gott aðgengi að samstarfsfyrirtækjum og öðrum tengiliðum ásamt þeirri þjónustu og aðhaldi sem verkefnisstjóri veitir skólunum.

Úr greinargerð Norðlingaskóla má sjá mikla ánægju með þátttöku í GERT: „Fjölbreytileiki fyrirtækja er mikill og því var úr miklu að móða við val á heimsóknum ýmist inn í fyrirtæki eða heimsóknir fyrirtækja inn í skólann. Mikil ánægja er með þá þjónustu sem verkefnastjórinn veitir skólanum. Það er samdóma álit okkar sem að verkefninu standa innan skólans að forsendur þess að Gert-verkefnið haldi velli í skólastarfi er að halda úti verkefnastjóra sem skaffar skólunum lista yfir tengiliði fyrirtækja því það auðveldar framkvæmd og framgang verkefnisins.“

Að sama skapi má sjá mikla ánægju og ávinning Garðaskóla af þátttöku í GERT: „Þátttaka í GERT verkefninu hefur skilað skólanum góðu tengslaneti sem nýtist okkur á marga vegu. Mun auðveldara er að komast að hjá fyrirtækjum þegar við sækjum um samstarf þegar GERT verkefnið er tilgreint. Nemendur hafa notið góðs af þeim heimsóknum sem komið hafa í skólann og er sjónum nú sérstaklega beint að 10. bekk í vor. Með því að svo mörg fyrirtæki geta tekið á móti 160 nemendum þá geta nemendur valið sér fyrirtækjaheimsóknir eftir áhugasviði og því má segja að heimsóknir verða markvissari og skilvirkari fyrir vikið. Á starfsfræðsludögum bjóðum við til okkar aðilum frá GERT samstarfinu og fá nemendur aukna innsýn í nám í framhaldsskóla og nám í háskóla sem síðan tengist mismunandi störfum. Markmiðið er að auka sýn nemenda á fjölbreyttu námi, bæði í framhaldsskóla og þegar lengra er komið og að nemendur geti tengt nám á mismunandi stigum við störf í framtíðinni. Starfamestar hefur verið haldin hér í skólanum sl. þrjú ár þar sem hópur foreldra kynna störf sín hér fyrir alla árganga. Á Starfamestarunni höfum við einnig leitað til GERT fyrirtækja til að þess að aðstoða okkur með að kynna tæknistörf.“

Áskoranir þátttökuskóla í GERT

Að skólunum aðspurðum um áskoranir varðandi þátttöku þeirra í GERT er ferðakostnaður vegna heimsókna og það að búa til aukinn sveigjanleika í stundarskrám það eina sem kemur upp. En sumum hefur fundist erfitt að halda verkefninu úti til fulls sökum ferðakostnaðar við heimsóknir

sem sé stærsti en jafnframt eini kostnaðarliðurinn. Þá eru sumir skólar sem geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur sem skyldi bæði vegna legu skólanna og vegna þess mikla tíma sem er tekinn frá hefðbundnu skólastarfi vegna óhentugra tímasetninga á almenningssamgöngum.

Framtíð verkefnisins og lokaorð

Það er vilji verkefnastjórnar að halda Gert verkefninu áfram og til að efla það og styrkja er markmið næstu ára að fjölga þátttökuskólum enn frekar. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að kynna verkefnið með markvissari hætti svo að „GERT“ verði þekktara og fleiri kannist við hvað felst í verkefninu. Að sama skapi er vilji til að efla samstarf við fyrirtækin enn frekar og helst fjölgun samstarfsfyrirtækja í hendur við fjölgun þátttökuskóla. Einnig hyggst verkefnisstjóri funda með samstarfsfyrirtækjum, ræða hvernig hefur gengið og leiðbeina þeim betur með hvað það er sem skólarnir vilja helst fá út úr heimsóknunum fyrir nemendur sína.

Annað markmið er að þróa verkfærakistu með vinnugögnum og sniðmótum í samvinnu við skólana. Vinnugögn þessi yrðu þá hýst inni á vefsvæði GERT þar sem allir skólarnir gætu nýtt sér og aðlagð að sínu skólastarfi. Með þessari verkfærakistu er þátttökuskólum alveg ljóst hvaða verkefni standa til boða og hafa gott aðgengi að þeim.

Að lokum er ljóst að umfang verkefnisins mun stækka og þróast samhliða því sem þátttökuskólum fjölgar. Sú þróun mun kalla eftir auknu fjármagni til að halda utan um verkefnið og halda uppi tengslum við atvinnulífið. Verkefnið þarfnast því mikils aðhalds og eftirfylgni frá verkefnisstjóra og nauðsynlegt er að þróa stöðugt grunnramma verkefnisins og þjónusta þátttökuskóla.

Viðauki I – Greinargerðir á skólastarfi í tengslum við GERT

Álftanesskóli

- Fengu áhugaverða kynningu frá Team spark.
- Fyrirhugað að halda starfamesu á vordögum. Unnin var skrifleg könnun meðal 10. bekkinga skólans varðandi störf foreldra þeirra til að sjá breiddina í störfum foreldra og áhuga þeirra á að taka þátt í „starfamesu“ í Álftanesskóla var kannaður.
- Stærsti vandi Álftanesskóla varðandi vinnustaðaheimsóknir, eru samgöngumálin. Það tekur langan tíma að morgni að komast til og frá Álftanesinu í fyrirtæki.
- Sóttu um „ferðastyrk“ í Sprotasjóð fyrir komandi skólaár, til að eiga betri möguleika á að bjóða nemendum upp á fjölbreyttar starfskynningar úti í bæ þar sem afar fá fyrirtæki eru staðsett á Álftanesinu.

Breiðholtsskóli

- Nýr námsráðgjafi hóf störf í janúar en starfaði áður í Norðlingaskóla og þekkir GERT verkefnið því vel.
- Hefur verið að vinna í því að koma sér inn í skólastarfið í nýjum skóla en ætlar að innleiða GERT verkefnið á næsta skólaári.

Grunnskóli Húnaþings vestra

- Nemendur fá 6 daga í upphafi skólaársins til að vinna eða fá kynningu hjá fyrirtækjum og/eða bændum á svæðinu. Flest falast þau eftir vist sjálf en við aðstoðum þau sem finna ekki lausn sjálf. Þau skila skólanum hugleiðingu og staðfestingu vinnuveitanda á mætingu.
- Í lok skólaársins fá nemendur 12 daga þar sem þau geta valið að vinna/fá kynningu hjá fyrirtækjum og/eða bændum eða sækja námskeið í skólanum. Langflestir ef ekki allir velja vinnustaði að einhverju marki, mikill meirihluti, um 80% velur að vera eingöngu hjá fyrirtækjum á svæðinu.
- Fyrirtækin eru opin og lausnamiðuð þegar kemur að því að taka til sín nemendur og mjög margir þeirra fá sumarvinnu í kjölfarið.
- Það er líka gaman að segja frá því að við bættum einnig við tveggja daga háskólaheimsókn í nám nemenda á unglíngastigi í vetur. Þau voru í tveggja daga námi á Hvanneyri og verða í tvo daga í Háskóla Íslands næsta haust. Mér þykir þetta styrkja enn frekar tækifæri þeirra til að sjá fyrir sér hvað þau vilja stefna á í framtíðinni.

Garðaskóli

- Sl. mánuðir hafa farið í að mynda tengsl við fyrirtæki innan GERT en nú hafa mun fleiri fyrirtæki hoppað á vagninn. Námsráðgjafi í Garðaskóla og verkefnastjóri GERT eru í reglulegu sambandi um næstu skref.
- Maí 2015. Garðaskóli fékk viðurkenningu frá GERT þar sem skólanum er þakkað framlag til þess að efla áhuga á raunvísindum og tækni.
- Í júní 2015 tókst okkur í Garðaskóla að senda alla 455 nemendur skólans í starfskynningar. Foreldrar tóku virkan þátt í verkefninu en GERT tengslin gerðu okkur kleift að

þjóða einnig upp á hópkyningar á þessum dögum og sendum við um 40 nemendur í kynningar á vegum GERT.

- Október 2015. Garðaskóli var fenginn til að kynna verkefnið ásamt aðilum frá GERT á Degi náms- og starfsráðgjafa á haustmánuðum.
- Styrkur fékkst úr Þróunarsjóði Garðabæjar til að standa straum af útlögðum ferðakostnaði.
- Desember 2015. Í desember héldum við Starfamesu þar sem nemendur kynntu sér nám og störf forráðamanna og einnig fengum við aðila frá GERT verkefninu til að vera með starfskyningar á Starfamesunni. Allir árgangar nutu góðs af þessu verkefni.
- Starfsfræðsludagar í lok maí 2016. Eins og staðan er núna þá erum við komin með tengingu við 16 fyrirtæki auk þess sem gott samstarf er orðið við Tækniskóla Íslands. 14 af þessum 16 fyrirtækjum ásamt Tækniskólanum munu taka á móti hópi nemenda í 10. bekk í lok maí 2016. Nemendur velja sér þrjár fyrirtækjaheimsóknir og 160 nemendur taka því þátt í GERT verkefninu á vordögum. Auk þess fer allur árgangurinn í heimsókn í Tækniskóla Íslands á þessum dögum. Styrkur sl. árs mun fara í útlagðan kostnað vegna rútuferða fyrir nemendur.
- Lok maí 2016. Heimsóknir frá GERT. Nemendur úr HÍ með kynningar ásamt fleirum aðilum.
- Sótt var um áframhaldandi styrk úr Þróunarsjóði Garðabæjar nú í mars 2016 til þess að geta boðið upp á GERT verkefnið á næsta ári.

Ávinningur fyrir Garðaskóla: Þátttaka í GERT verkefninu hefur skilað skólanum góðu tengslaneti sem nýtist okkur á marga vegu. Mun auðveldara er að komast að hjá fyrirtækjum þegar við sækjum um samstarf þegar GERT verkefnið er tilgreint. Nemendur hafa notið góðs af þeim heimsóknum sem komið hafa í skólann og er sjónum nú sérstaklega beint að 10. bekk í vor. Með því að svo mörg fyrirtæki geta tekið á móti 160 nemendum þá geta nemendur valið sér fyrirtækjaheimsóknir eftir áhugasviði og því má segja að heimsóknir verða markvissari og skilvirkari fyrir vikið. Á starfsfræðsludögum bjóðum við til okkar aðilum frá GERT samstarfinu og fá nemendur aukna innsýn í nám í framhaldsskóla og nám í háskóla sem síðan tengist mismunandi störfum. Markmiðið er að auka sýn nemenda á fjölbreyttu námi, bæði í framhaldsskóla og þegar lengra er komið og að nemendur geti tengt nám á mismunandi stigum við störf í framtíðinni. Starfamesa hefur verið haldin hér í skólanum sl. þrjú ár þar sem hópur foreldra kynna störf sín hér fyrir alla árganga. Á Starfamesunni höfum við einnig leitað til GERT fyrirtækja til að þess að aðstoða okkur með að kynna tæknistörf.

Að lokum: Erfitt hefur verið að halda úti GERT verkefninu til fulls þar sem ferðakostnaður nemenda í fyrirtækjaheimsóknir er stærsti en jafnframt eini útgjaldaliðurinn. Ferðir með almenningsamgöngum hafa ekki nýst sem skyldi þar sem mikill tími fer í að ferja hópa á milli staða og tekur þ.a.l. mikinn tíma frá hefðbundnu skólastarfi og einnig þar sem ekki er um bekkjarkennslu að ræða. Þá er staðsetning fyrirtækjanna með þeim hætti að langt er að sækja sumar heimsóknir og erfiðara að stóla á almenningsamgöngur. Styrkur síðasta árs var því kærkominn viðbót við þróun verkefnisins og gerir okkur kleift að taka á fullum krafti þátt í GERT á vordögum. Það er von okkar að við getum haldið áfram að þróa spennandi starfsfræðsluverkefni sem hefur bein tengsl við atvinnulífið en kostnaður við ferðir verða okkur alltaf fjötur um fót.

Holtaskóli

- Náms- og starfsfræðsla fyrir 3. bekk.
- Nemendur í 10. bekk hafa fengið heimsóknir foreldra og annarra sem hafa verið að kynna störf sín.
 - Fótaaðgerðafræðingur, tæknifræðingur í gagnaveri, gæðastjóri hjá Icewear, íþrótt- og tómskundafulltrúi, förðunarfræðingur og kennari, flugvirki, löggiltur endurskoðandi, rafvirki, flugfreyja/þjónn, pípulagningamaður.
 - Lagt var upp með að aðilar kynntu náms- og starfsferil sinn auk þess að kynna starfið sem þeir gegna.
- Fulltrúar frá Team Spark komu í heimsókn í 10. og 8. bekk.
- Fyrirhugið er heimsókn 10. bekkinga í Keili í vor.

Hólabrekkuskóli

Nemendur 1.-7. í Hólabrekkuskóla hafa fengið skipulagða kennslu í forritun undanfarin tvö ár. Fyrri árið ofan á aðra kennslu í upplýsingatækni, en í ár sem hluti af því námi. Næsta ár förum við aftur í að setja inn tvo tíma í töflu hjá nemendum í 1.-7. bekk í forritun og upplýsingatækni. Þar að auki hafa nemendur í unglingsdeild haft möguleika á að velja forritun sem valfag.

Í janúar 2016 hófst valfag sem kallast Téin 3 - Tækni, tölvur og tilraunir. Nánari lýsing á því valfagi sem unnið er í samstarfi við Tæknifræðináms HÍ að Keili hér: <https://www.smore.com/5v9vu>

Þar sem þessi vinna bara að byrja hjá okkur, höfum við haft skipulagið þannig að allt sem gerist í tímum er aðgengilegt nemendum, foreldrum og öðrum áhugasömum á síðunni: <https://www.smore.com/a504m>

Nemendur í 10. bekk hafa farið í ýmsar náms- og starfskynningar á þessu skólaári. Áhersla er lögð á að nemendur fái sem víðtækasta reynslu af atvinnulífinu. Nemendum gafst kostur á að koma með hugmyndir að fyrirtækjum og verknámsbrautum eftir áhugasviði sínu og var reynt að koma til móts við það eins og kostur gaf. Á þessu skólaári hafa nemendur farið að heimsækja Landspítalann, Borgarleikhúsið, Marel, CCP, Rafvirkjabrautina í Tækniskólanum og Fjölbrautarskólanum í Breiðholti. Til stendur að heimsækja fleiri verknámsbrautir. Nemendur hafa verið hluta af skóladeginum og fengið að fylgjast með og/eða vinna verkefni.

Langholtsskóli

- Voru þátttakendur 2013-2014 en misstu af verkefninu 2014-2015
- Eru í startholunum fyrir næsta skólaár
- Komast nær allar ferðir með Strætó
- Mikil ánægja með heimsókn í Samskip
- Mikill sveigjanleiki í skólastarfi og jákvæð með framhaldið.

Laugalækjarskóli

- Eru í startholunum með að innleiða GERT verkefnið
- Vilja leggja áherslu á að kynna verk- og iðnáms
 - Kynna það vel fyrir foreldrum
- Heimsóttu CCP og Nýherja ásamt því að fá kynningu frá Team spark

Norðlingaskóli

GERT-verkefnið fellur að stærstum hluta undir starfsvið náms- og starfsráðgjafa. Nýr náms- og starfsráðgjafi, Lís Margrét Kristjánsdóttir, hóf störf á miðri haustönn 2015 og því var ákveðið að Gert-verkefnið hæfist á vorönn 2016 þar sem hún þurfti svigrúm til að komast inn í almenna skólafarfið.

Verkefnastjóri verkefnisins, Halla Kristín Guðfinnsdóttir, heimsótti Norðlingaskóla í haust og fundaði um verkefnið með Aðalbjörgu Ingadóttir aðstoðarskólustjóra, Helga Rafni Jósteinsyni deildarstjóra og þáverandi náms- og starfsráðgjafa Fríðu Elísu Ólafsdóttur en þessir þrír aðilar halda utan um verkefnið í skólanum í samstarfi við kennara á unglingastigi. Í kjölfar fundarins sendi Halla lista yfir tengiliði innan þeirra fyrirtækja sem eru þátttakendur í GERT-verkefninu. Fjölbreytileiki fyrirtækja á listanum er mikill og því var úr miklu að móða við val á heimsóknum ýmist inn í fyrirtæki eða heimsóknir fyrirtækja inn í skólann. Mikil ánægja er með þá þjónustu sem verkefnastjórinn veitir skólanum. Það er samdóma álit okkar sem að verkefninu standa innan skólans að forsendur þess að Gert-verkefnið haldi velli í skólafarfi er að halda úti verkefnastjóra sem skaffar skólunum lista yfir tengiliði fyrirtækja því það auðveldar framkvæmd og framgang verkefnisins.

Nemendur í 10. bekk taka þátt í Gert-verkefninu nú á vorönn 2016. Hér fyrir neðan er greint frá heimsóknum og kynningum ásamt lokaverkefni nemenda sem tengist verkefninu nú á vorönn. Tekið skal fram að allir nemendur í 10. bekk eru skyldugir til að taka þátt í GERT-verkefninu.

Heimsóknir

Heimsóknir fara fram á mismunandi tímum í samráði við kennara á unglingastigi sem skipuleggja nám og kennslu samkvæmt sveigjanlegri stundatöflu. Einnig er kennslutími náms- og starfsráðgjafa nýttur undir heimsóknir og verkefni tengd GERT-verkefninu.

- Heimsókn í Tækniskólann
- Ferð á sýninguna Verk- og vit í Laugardalshöllinni
- Nýi ökuskólinn – kynning í skólanum. Áhersla á hagnýtar stuttar námsbrautir til starfsréttinda t.d. meiraprófið, vinnuvélaréttindi o.fl.
- Ölgerðin – framleiðslufyrirtæki. Fjölbreytt og ólík störf í tækni-, verk- og iðngreinum.
- Marel - framleiðslufyrirtæki. Fjölbreytt og ólík störf í tækni-, verk- og iðngreinum.
- ÍAV – kynning á mannvirkjagerð, fjölbreyttar námsleiðir í verk- og tæknigeiranum.
- Listaháskólinn – arkitektadeild. Áhersla á námsleiðir sem tengjast verk-, tækni og listgeiranum.
- *nemahvad.is* – Myndbönd. Náms- og starfsráðgjafi kynnir ólíkar starfgreinar og námsleiðir í verk-, tækni- og iðngreinum út frá myndböndum.

Lokaverkefni í 10. bekk

Auk áherslu Gert-verkefnisins á að efla þekkingu nemenda á raunvísindum og tækni leggur skólinn sérstaka áherslu á að nemendur kynnist ólíkum atvinnugreinum, ólíkum og fjölbreyttum störfum innan fyrirtækja og að nemendur öðlist meira innsæi fyrir tengslum menntunar og ólíkra starfa.

Lokaverkefni nemenda í 10. bekk felst í því að velja sér fyrirtæki innan verk-, tækni - og iðngreina og kynna sér þau samkvæmt þeim áherslum sem nefndar eru hér að ofan. Nemendur geta unnið einir eða í 2 - 3 manna hópum og hafa val um að velja sér sjálfir fyrirtæki til að heimsækja eða velja af fyrirtækjalistanum sem skólanum er úthlutað af verkefnastjóra. Nemendur fá skýr fyrirmæli með verkefninu þar sem kröfur um markmið og námsmat eru tilgreind ásamt því hvernig kynningu skuli háttáð en kynna þarf verkefnið fyrir samnemendum, foreldrum og kennurum. Heil vika er lögð undir verkefnið þar sem nemendur fá 1-2 daga til að heimsækja fyrirtæki, 4 – 8 tíma í senn og 3 -4 daga til að vinna verkefnið og kynningu sem fer fram á 5. degi. Náms- og starfsráðgjafi stýrir framkvæmd lokaverkefnis. Kennarar hafa það hlutverk að fylgja ákveðnum hópum eftir og veita leiðsögn.

Varmárskóli

- Eru í startholunum með að innleiða GERT verkefnið.
- Eru með skipulagðar heimsóknir í fyrirtæki á vordögum.

Víðistaðaskóli

- Eru í startholunum með að innleiða GERT verkefnið og hafa að mestu leyti verið að undirbúa hvernig tengja skuli verkefnið við skólastarfið fyrir komandi skólaár.

Ölduselsskóli

- Náms og starfsráðgjafinn heldur úti áfanga um náms- og starfsfræðslu.
- Nýta samstarfsfyrirtæki í fyrirtækjaheimsóknir